við frv. til fjárlaga fyrir árið 1930 og við breytingartillögur á þskj. 540.

I. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 11. gr. A. I. b. (Annar kostnaður hæstarjettar):
Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 3000 kr. til ritara.

II. Frá *Páli Hermannssyni.*
Við 12. gr. 16. c. Nýr liður.
Til Hróarstungulæknishjeraðs. Sjerstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu ... ... 8000

III. Frá *Jóhannesi Jóhannessyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. B. II. 14. Nýr liður:
Til akbrautar yfir Fjarðarheiði, gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 27000

IV. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. I. o. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf ... 2000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Jens Johannessonar læknis, utanfararstyrkur... ... 1000

VI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til Ólafar Jónsdóttur frá Seglbúðum, utanfararstyrkur til framhaldsnáms í matreiðslu ... ... ... ... ... ... ... 1500

VII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

1. Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:

Til Elísabetar Eiríksdóttur kenslukonn á Akureyri, til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll ... ... ... ... ... ... ... 1000

gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.

2. Við 14. gr. B. XXI. 5. Nýr liður:

Til Magnúsar Pjeturssonar kennara á Akureyri, til þess að fullnuma sig í fimleikakenslu, skólasmiði og annari handavinnu, sem drengjum er kend i barnaskólum... ... 1000

gegn 500 króna framlagi frá Akureyrarkaupstað.

VIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við brtt. 540. 22. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).

Aftan við liðinn bætist:

enda sje safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.

IX. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 15. gr. 8. (Sýslubókasöfn):

a. Fyrir »1000« kemur... ... .. ... ... ... ... ... ... 1500

b. Við liðinn kemur athugasemd:

Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 500 kr. styrks.

c. Nýr liður (9):

Til bókasafnsins i Stykkishólmi, til bókakaupa ... ... 800

X. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

1. Við 15. gr. 15. Nýr liður:

Til Björns O Björnssonar, styrkur til að gefa út bók með ýmsum þjóðlegum fróðleik, er hann hefir safnað ... 1000

2. Við 15. gr. 16. Nýr liður:

Til dr. Guðbrands Jónssonar, til að kynna sjer og afrita handa Þjóðskjalasafninu skjöl i páfagarði og víðar, er snerta Ísland ... ... ... ... ... ... ... ... ... 5000

3. Við 15. gr. 18. Nýr liður:

Til Mörtu Kalman, til þess að kynna sjer leiklist í Englandi og í Danmörku ... ... ... ... ... ... ... 3000

*Til vara* ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2400

4. Við 15. gr. 27. Nýr liður:

Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds ... ... ... ... ... 1200

*Til vara* ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1000

5. Við 15. gr. 36. Nýr liður:

Til Kristjáns Jónssonar, Hrjót, til að safna örnefnum á Austurlandi ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 800

*Til vara* ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 500

6. *Varatillaga* við X. 2.
Við 15. gr. 38. (Guðbrandur Jónsson):
Fyrir »1200« kemur ... ... ... ... ... ... ... ... 1800
7. Við 15. gr. 48. Nýr liður:
Til Jóns Leifs, til undirbúnings starfsemi við væntanlegt ríkisútvarp ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 5000
*Til vara* ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 4000
8. Við 16. gr. 13. c. Nýr liður:
Til Ásgeirs Ó. Einarssonar, til dýralækninganáms ... 1200

XI. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Brietar Bjarnhjeðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvenrjettindasambandsins í Berlín ... ... ... ... 2000

XII. Frá *Jóni Þorlákssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Ferðafjelags Íslands ... ... ... ... ... ... ... 1000

XIII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Halldórs Halldórssonar byggingarfulltrúa á Akureyri, utanfararstyrkur til þess að kynna sjer nýungar í húsagerð og starfsemi byggingarfjelaga ... ... ... ... ... ... 1500

XIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til Sjúkrasamlags Reykjavikur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög... ... ... ... ... 1500
2. Við 17. gr. 11. (Stórstúka Íslands):
Fyrir »10000« kemur ... ... ... ... ... ... ... 12000
3. Við brtt. 540, 41. (Gamalmennahælið Höfn):
Fyrir »2500« kemur ... ... ... ... ... ... ... ... 1500

XV. Frá *dómsmálaráðherra.*
1. Við 18. gr. II. g. 10. Nýr liður:
Til Jakobs Thorarensens ... ... ... ... ... ... ... 1000
2. Við 18. gr. II. i. 44. Nýr liður:
Til Sigurðar Pjeturssonar fangavarðar ... ... ... ... 1000

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
1. Við 22. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pjetri G. Guðmundssyni, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda, til að kaupa prentvjel (Rotaprint).

2. Við 22. gr. 7. Nýr liður:

Að lána Finni Jónssyni málara alt að 10000 kr. til þess að byggja sjer vinnustofu, gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

3. Við 22. gr. Á eftir næstsíðustu málsgrein kemur ný málsgrein:

Stjórninni er heimilt að gefa Brynjólfi Bjarnasyni eftir lán, að upphæð 1200 kr., er honum var veitt 1924 til að ljúka námi.

XVII. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 23. gr. II. Nýr liður:

Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvitarbakkaskólans, þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær viiji afla skólanum góðra húsakynna.

XVIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 23. gr. VIII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast alt að 125 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

b. Að ábyrgjast alt að 80 þús. króna lán fyrir Neskaupstað, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.